

Hafnarfjarðarbær
Fræðsluþjónusta
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins Hafnarfjörður
fyrir börn í leik- og grunnskólum
– Greinargerð í tilefni úttekta –

Hafnarfjörður
október 2013



HAFNARFJÖRÐUR

Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins Hafnarfjörður fyrir börn í leik- og grunnskólum:

- Greinargerð gerð í tilefni úttektar mennta- og menningarmálaráðuneytisins haustið 2013 á sérfræðiþjónustu við börn í leik- og grunnskólum bæjarins auk þjónustu við foreldra þeirra og starfsfólk skólanna.

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Október 2013.

Fræðsluþjónusta Hafnarfjarðar

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Linnetsstíg 3
220 Hafnarfjörður.
Sími 585 5800.
Netfang: skolaskr@hafnarfjordur.is.
Veffang: www.hafnarfjordur.is.

Efnisyfirlit

	Bls.
Efnisyfirlit	3
Formáli	4
Inngangur	5
I. Stjórnskipulag Hafnarfjarðarkaupstaðar og skólakerfið í bænum	6
II. Skól Stefna Hafnarfjarðar og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins	8
III. Leik- og grunnskólar í Hafnarfirði	10
IV. Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla í Hafnarfirði:	12
I. Hugtakanotkun – stoðþjónusta og sérfræðiþjónusta	12
II. Saga sérfræðiþjónustunnar og þróun skipulags hennar	13
III. Hlutverk, markmið og samhengi sérfræðiþjónustunnar	15
IV. Skipulag og starfsfólk sérfræðiþjónustunnar	17
V. Verkefni sérfræðiþjónustunnar	21
Lokaorð	29
Viðauki (afhentur á pappír síðar)	30 og áfram

Formáli

Þróunarfulltrúar leik- og grunnskóla og yfirsálfræðings sérfræðiþjónustunnar halda utan um verkefni sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins gagnvart börnum í leik- og grunnskólum auk foreldra og starfsfólki skólanna í umboði og ábyrgð sviðsstjóra/fræðslustjóra.

Við ritun greinargerðarinnar er leitast við að gefa sem heildstæðasta mynd af sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins í leik- og grunnskólum bæjarins. Greinagerðir en ekki ítarleg en samt er vonast til að hún gefi heildræna mynd af þeirri starfsemi sem á sér stað undir formerkjum „sérfræðiþjónustu“ innan skólakerfi sveitarfélagsins.

Inngangur

Hvatinn að greinargerðinni er ákvörðun ráðuneytis menntamála að Hafnarfjörður verði eitt af sex sveitarfélögum landsins sem fari í sérstaka úttekt á sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins haustið 2013. Tilkynning þar um barst í bréfi frá ráðuneytinu 11. september 2013 þar sem m.a. var vísað til könnunar sem gerð var á skipulagi sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla í öllum sveitarfélögum landsins vorið 2013. Til grundvallar þeirrar úttektar var spurningakönnun sem sérkennslufulltrúar leik- og grunnskóla og deildarstjóri sálfræði- og talmeinaþjónustu svöruðu fyrir hönd Hafnarfjarðar. Einnig kemur fram í bréfi ráðuneytisins að úttektin nú sé gerð „til þess að fá betri mynd af þjónustunni“ og er hluti áætlunar ráðuneytisins um ytra mat ríkisins á skólastarf. Nánar segir um úttektina í fyrrgreindu bréfi:

Markmið með úttektinni er að kanna hvernig mismunandi útfærslur reynast til að koma til móts við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum frá 2010. Sérstaklega verður skoðað hvernig til hefur tekist í fyrirnefndum sex sveitarfélögum að skipuleggja sérfræðiþjónustu sem á að sinna tvíþættu hlutverki þjónustunnar samkvæmt reglugæð nr. 584/2010,

- annars vegar stuðning við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og
- hins vegar stuðning við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. (Bréf ráðuneytisins 11.09.2013).

Í framhaldi tilkynningar ráðuneytisins um úttektina í Hafnarfirði sendi ráðuneytið annað bréf, dagsett 4. okt 2013, þar sem fyrirkomulag úttektar var tilkynnt. Þar var jafnframt óskað eftir að sveitarfélagið afhendi úttektaraðila gögn vegna úttektarinnar. Sérstaklega var óskað eftir annars vegar að skólastefna sveitarfélagsins og hins vegar að sveitarfélagið sendi greinargerð um skipulag sérfræðiþjónustunnar við leik- og grunnskóla.

Uppbygging greinargerðarinnar er á þann veg að fyrst er kynning á skólastefnu sveitarfélagsins með áherslu á tengsl hennar við sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og samhengi hennar við stjórnkerfi bæjarins. Greinargerðin fjallar þó aðallega um sérfræðiþjónustu þess við leik- og grunnskóla. Í ljósi þess er reynt að hafa þann hluta nokkuð ítarlegan til að gefa fullnægjandi mynd af sérfræðiþjónustunni, verkefnum, skipulagi, starfsmannahaldi og sögu hennar innan sveitarfélagsins frá stofnun hennar. Áherslan er þó á núverandi þjónustu sérfræðiþjónustunnar og þær kerfisbreytingar sem unnið er að í tengslum við innleiðingu aðalnámskrá skólastiganna sem skal taka gildi haustið 2014.

I. Stjórnskipulag Hafnarfjarðarkaupstaðar og skólakerfið í bænum

Sveitarfélagið Hafnarfjörður er rúmlega 100 ára gamalt og hlaut kaupstaðaréttindi árið 1908. Íbúar í Hafnarfirði 1. desember árið 2012 voru 26.763. Þar af voru börn á leik- og grunnskólaaldri tæplega 6.000 eða rétt um 20% íbúa bæjarins.

Stjórnskipulag sveitarfélagsins er skilgreint í [Samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar](#) sem tók gildi 18. júlí 2013 í samræmi við 18. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Stjórnkerfi sveitarfélagsins er þar skilgreint með fimm svið; umhverfi og framkvæmdir, skipulags- og byggingarmál, fjölskylduþjónusta og fræðsluþjónusta með afmörkuð starfsverkefni og þá stjórnýsla sem gengur þvert á hin sviðin í stjórnkerfi bæjarins.

Fræðsluþjónusta Hafnarfjarðar, eitt sviðana fimm, annast stjórnýslu og umsýslu skólamála í sveitarfélaginu þar sem sérfræðiþjónustan er hluti þeirrar starfsemi. Skrifstofa fræðsluþjónustunnar er Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3 með afgreiðslu á 3. hæð, sími 585 5800. Skrifstofustjóri Skólaskrifstofunnar er Ingibjörg Einarsdóttir. Á Skólaskrifstofu starfa tuttugu og einn starfsmaður í nálægt 20 stöðugildum. Þar er unnið að verkefnum sem snúa að umsýslu og rekstri skólakerfisins sem og að styðja við starfsemi sérfræðiþjónustunnar eins og skráningar, fundamsýslu, umsýslu trúnaðargagna og fleira. Nú í haust eru fimmtán starfsmenn í 14,3 stöðugildum sem tilheyra „sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla“ sérstaklega.

Meginábyrgð fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar felst í umsjón og eftirliti með menntun og fræðslu ásamt því að standa fyrir sérfræðiþjónustu í sveitarfélaginu. Í því felst að tryggja sé að starfsemi leikskóla, grunnskóla, *Námsflokka Hafnarfjarðar-miðstöðvar símenntunar* og *Tónlistarskóla Hafnarfjarðar* (TH) ásamt með daggæslu í heimahúsum sé í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sveitarfélagsins. Nánari útlitun sérfræðiþjónustunnar kemur hér aftar í sérstökum kafla.

Fræðslustjóri og sviðsstjóri fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar er Magnús Baldursson með aðsetur að Strandgötu 6-8. Hann er yfirmaður sérfræðiþjónustunnar en verkefnum hennar er síðan skipt á þrjá aðila sem sinna mismunandi verkefnastjórnun innan hennar eins og þegar hefur verið kynnt.

Samkvæmt samþykktum bæjarins fer fræðsluráð Hafnarfjarðar með umboð „skólanefndar“ í skilningi laga um leikskóla (nr. 90/2008, gr. 4) og laga um grunnskóla (nr. 91/2008, gr. 6). Um það skipulag sem um fræðsluráð gildir má lesa í ofangreindri samþykkt bæjarins, greinum 59-64.

II. Skólastefna Hafnarfjarðar og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins

Um skólastefna sveitarfélaga er kveðið á um í lögum um leikskóla frá 2008 (14. og 19. grein), lögum um grunnskóla frá 2008 (37. grein) og á fleiri stöðum í regluverkinu, m.a. reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum (3. grein).

Hafnarfjörður gaf fyrst út skólastefnu árið 2005, endurskoðaði hana og gaf út að nýju árið 2009 eftir að ný lög um grunnskóla komu út en áður en reglugerðirnar sem fylgdu í kjölfar laganna komu út (sem var frá 2009-2012). Fræðsluráð Hafnarfjarðar samþykkti árið 2012 að endurskoða skólastefnu bæjarins og er vinnuhópur fræðsluráðs starfandi í þeim tilgangi. Gert er ráð fyrir að endurskoðun skólastefnunnar ljúki skólaárið 2013-2014.

Núverandi [skólastefna Hafnarfjarðar](#) er frá árinu 2009 eins og fyrr er getið. Skólastefnan er gefin út á rafrænu formi og birt á vef bæjarins með öðrum stefnum bæjarins, alls 18 stefnur, á bæjarvefnum, www.hafnarfjordur.is: <http://www.hafnarfjordur.is/stjornkerfi/stjornskipula/#>. Uppbygging skólastefnunnar miðar að því að samþætta sem mest skólastarf leik- og grunnskóla. Í upphafi skólastefnunnar lögð fram leiðarljós um starfsemi skólanna og á eftir þeim tekur meginhluti skólastefnunnar við sem skiptist í 13 undirkafla. Einn kafli er sérstaklega helgaður „sérfræðiþjónustu“ (kafli 1.5) og aðrir kaflar eiga skýr tengsl við hann, t.d. kafli 1.6 um starfsfólk, símenntun og starfsþróun, kafli 1.11 um mat á skólastarfi og kafli 1.12 um skólaþróun og alþjóðlegt samstarf. Loks koma aftar megináhersla skólastefnunnar, minni kaflar um einstök skólastig og skólaverkefni eftir því sem þörf þótti á og var sérstakt fyrir það, þ.e. leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsfræðslu (námsflokkar) sérstaklega.

Kafli 1.5 í skólastefnunni, Ráðgjöf, úrræði og sérfræðiþjónusta, miðar að því að setja fram stefnu bæjarins á þann hátt að nemendur í leik- og grunnskólum fá viðeigandi menntun í samræmi við lög og sérstakan stuðning ef svo ber við sem gjarnan er skilgreindur undir formerkjum „sérfræðiþjónustu“. Þannig er áherslan á að veita nemendum viðeigandi hjálp (á grunni náms-, þroska-, tal- og hegðunarvanda) á grundvelli greininga og ráðgjafar til foreldra og starfsfólks skólanna sem miði að því að sem mest af þjónustu sé veitt í heima-/hverfisskóla. Þá er talið mikilvægt að veita stuðning sem miðar að sjálfbærni í skóla þar sem lausnaleyti,

Ábyrgð og framkvæmd skólastarfsins sé sem mest á ábyrgð skólanna og starfsfólks þess. Þá er sérstaklega nefnt mikilvægi stuðnings við nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál og styðja við kennsluúrræði þeim til handa, hvort sem það er í sérstöku úrræði (móttökudeild nýbúa í Lækjarskóla) eða í hverjum grunnskóla. Einnig er sérstaklega lögð áhersla á að veita foreldrum ráðgjöf og stuðning vegna barna sem eiga við hegðunarvanda að stríða (undir formerkjum PMT-foreldrafærni) og tengingu þess við jákvæðan skólabrag í skólum (SMT-skólafærni). Ennfremur er ítrekað mikilvægi þess að gott samstarf sé við aðra aðila, í heilbrigðis- og félagskerfi, sem veita börnum stoðþjónustu svo öll þjónusta og samhæfing hennar stuðli að því að nemendur fái heppilega þjónustu á hverjum tíma.

Hvort sú skólastefna sem nú er í vinnslu muni taka miklum breytingum hvað varðar sérfræðiþjónustuna á eftir að koma í ljós, þó verður að telja að núverandi skólastefna hefti ekki möguleika sérfræðiþjónustunnar til að þróa og aðlaga starfsemi sína að aðstæðum. Það snýr bæði að nýju regluverki leik- og grunnskóla eða skipulagi á starfsemi sérfræðiþjónustunnar í Hafnarfirði eins og það snýr að þörfum nemenda í leik- og grunnskólum og ráðgjöf fyrir foreldra og starfsfólk skólanna.

III. Leik- og grunnskólar í Hafnarfirði

Í upphafi er rétt að gefa yfirsýn yfir leik- og grunnskólakerfið í Hafnarfirði.

Í Hafnarfirði eru starfrækir 14 leikskólar á vegum bæjarins auk þess sem sérstök 5 ára leikskóladeild eru í Hvaleyrarskóla. Einnig eru þrjú fyrirtæki sem reka leikskóla samkvæmt sérstökum og þjónustusamningi. Deildir skólanna eru frá einni deild upp í átta deildir. Bærinn hefur sett sér þá stefnu að bjóða öllum börnum sem verða tveggja ára á hverju almanaksári leikskólavist auk forgangsbarna, sjá nánar [hér](#). Um 1.900 börn úr Hafnarfirði eru í leikskólum, þar af 1.870 í leikskólum í Hafnarfirði óháð rekstrarformi auk 30 barna sem eru í einkaskólum utan bæjarins.

Sjálfstætt starfandi leikskólarnir skipuleggja sjálfir og bera ábyrgð á framkvæmd sérfræðiþjónustu samkvæmt þjónustusamningi en kostnaður sem fellur til vegna sérkennslu barna sem flokkast í 1. og 2. greiningaflokk sérkennsluviðmiða greiðist af Hafnarfjarðarbæ samkv. reikningi en kostnaður, sem til fellur vegna barn með minniháttar frávik og falla undir 3. flokks sérkennsluviðmiða er innifalinn í einingarverðir barngildis. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar ber þó ábyrgð á ytra mati sveitarfélags á starfsemi leikskólanna í samræmi við lög og er sérfræðiþjónusta ekki undanskilin. Það ákvæði kom í lögum árið 2008 en aðalnámskráin tekur að fullu gildi haustið 2014 svo ferlar við slíkt mat eru enn í mótun líkt og við mat í öðrum leikskólumskólum bæjarins.

Nánari upplýsingar um einstaka leikskóla má finna á þessari vefslóð:

<http://www.hafnarfjordur.is/thjonusta/skolar-fraedslusvid/leikskolar/almennar-upplysingar/>

Í Hafnarfirði eru starfrækir sjö grunnskólar og einn grunnskóli sem er sjálfstætt rekinn, starfræktur af Hjallastefnunni. Í Barnaskóla Hjallastefnunnar stunda 92 nemendur nám í 1.-4. bekk. Í stærsta grunskólanum stunda um 750 nemendur nám en í þeim minnsta stunda um 400 nemendur nám. Nemendur í grunnskólum bæjarins skólaárið 2012-2013 voru 3.688 en grunnskólanemendur með lögheimili í Hafnarfirði voru á sama tím 3.885. Um 95% allra grunnskólanemenda í bænum eru því í grunnskólum bæjarins en hinir 5% dreifast milli Barnaskóla Hjallastefnunnar, einkaskóla í öðrum sveitarfélögum og í grunnskóla annarra

sveitarfélaga í samræmi við samkomulag við viðkomandi skóla/sveitarfélag hverju sinni (t.d. vegna barna sem eru í fóstri frá Hafnarfirði). Nemendafjöldi í Hafnarfirði skólaárið 2013-2014 liggur ekki ljós fyrir núna en áætlað er að það hafi orði fjölgun haustið 2013 og líkur eru á að nemendur séu u.þ.b. 3.950. Nákvæmar tölur munu ekki liggja fyrir fyrr en um miðjan október.

Barnaskóli Hjallastefnunnar skipuleggur sjálfur og ber ábyrgð á framkvæmd sérfræðiþjónustu í skólanum og fær til þess framlög frá bænum í samræmi við regluverkið. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar ber þó ábyrgð á ytra mati sveitarfélags á starfsemi skólans í samræmi við lög og er sérfræðiþjónusta skólans þar ekki undanskilin. Það ákvæði kom í lögina árið 2008 en aðalnámskráin tekur að fullu gildi haustið 2014 svo ferlar við slíkt mat eru enn í mótun líkt og við mat á skólum bæjarins. Sjá frekari umfjöllun síðar.

Nánari upplýsingar um einstaka grunnskóla má finna á þessari vefslóð:

<http://www.hafnarfjordur.is/thjonusta/skolar-fraedslusvid/grunnskolar/almennar-upplysingar/>

IV. Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla í Hafnarfirði

Eftirfarandi kafli er meginkafli greinargerðarinnar. Tilgangur hans er að gefa sem heildrænast yfirlit yfir starfsemi sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla í Hafnarfirði eins og hún er starfrækt innan Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Til að auðvelda skilning á starfseminni og hjálpa til við lesturinn er kaflanum skipt upp í nokkra undirkafla.

IV.I. Hugtakanotkun – stoðþjónusta og sérfræðiþjónusta

Svona rétt í upphafi til að skýra hugtakanotkun er hér gerður greinarmunur á hugtökunum stoðþjónusta og sérfræðiþjónusta. Stoðþjónustuna er yfirhugtak yfir alla stoðþjónustu við börn og starfsfólk í leik- og grunnskólum óháð því hver veitir hana. Skipta má stoðþjónustunni nánar í þrjá þætti:

1. **Sérfræðiþjónusta** – sérhæfð þjónusta sveitarfélags á sviði skólamála sem unnin er af starfsfólki í skólakerfi sveitarfélagsins. Meginefni þessarar greinargerðar.
2. **Heilbrigðisþjónusta** – þjónusta heilbrigðiskerfisins við börn í leik- og grunnskólum og er t.d. frá heilsugæslunni (skólaheilsugæsla), Barna- og unglingsdeild (BUGL), Greiningarstöð ríkisins (GRR) og Þroska- og hegðunarstöð heilsugæslunnar ásamt sjálfstætt starfandi barnalæknum.
3. **Félagsþjónusta** – þjónusta félagsþjónustu sveitarfélagsins (barnavernd) og úrræði ríkisins á sviði barnaverndar (t.d. Barnaverndarstofa og úrræði hennar eins og Barnahús (kynferðislegt ofbeldi), meðferðarheimili, MST þjónusta og frá hausti 2013 PMT þjónusta sem byrjaði sem úrræði í Hafnarfirði árið 2000).

Þessi stoðkerfi vinna vel saman og í Hafnarfirði er mikið samráð milli þessara kerfa í gegnum starfsfólk þeirra með reglulegum samskiptum (bréf, tölvupóstur og miðlun trúnaðargagna), reglulegum samráðsfundum og teymisfundum. Á teymisfundum hittast fulltrúar allra kerfanna hittast reglulega og taka sameiginlegar ákvarðanir (fundir sérfræðiþjónustu og félagsþjónustu og fundir sérfræðiþjónustu og heilsugæslu), ýmist án fulltrúa barnanna (nemendaverndararáð og samráðsteymi leikskóla), einnig með foreldrum (teymi um börn þeirra). Þetta samstarf og samráð er stöðugt í mótun og tekur breytingum eftir því sem nauðsyn krefur á hverjum tíma.

Nemendaverndarráð grunnskóla er lögformlegur vettvangur stoðþjónustuaðila í skólastarfi sveitarfélagsins en í þeim sitja skólasálfræðingar (fulltrúar sérfræðiþjónustu), skólahjúkrunarfræðingar (fulltrúar heilbrigðiskerfi) og fulltrúar félagsþjónustunnar (fulltrúar félagskerfis) ásamt starfsfólki skólanna (þ.m.t. náms- og starfsráðgjafi). Sjá nánari umfjöllun síðar. Í Hafnarfirði hafa verið gerðar samhæfðar reglur um starfsemi nemendaverndarráða sem grunn fyrir alla skóla bæjarins – en þær er hægt að útfæra ítarlegar innan einstakra skóla eftir atvikum. Sömuleiðis er sérfræðiþjónustan með samræmt beiðnablað (form) fyrir alla grunnskóla, í samræmi við reglurnar, til að halda formlega utan um starfsemi nemendaverndarráða, efla stjórnsýslu þeirra og vinnubrögð. Þá fá skólarnir sömuleiðis vinnublöð frá sérfræðiþjónustu til að auðvelda yfirsýn á starfsemi nemendaverndarráðanna til eftirfylgni og eftirlits með starfseminni.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er leikskólaaldurinn mikilvægur tími til náms og þroska og í ljósi þess er það hlutverk leikskólans að vinna að því að börnum líði vel í leikskólanum og að þau séu örugg þar. Samráðsteymi er þá vettvangur innan hvers leikskóla til að vinna að hagsmunum barna, vernd og öryggi í leikskólaskólastarfi. Hlutverk samráðsteyma leikskóla er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við leikskólabörn varðandi ráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera leikskólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við leikskólabörn. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra barna og forvarnarstarfs (reglugerð nr. 584/2010). [Hér](#) má sjá starfsreglur samráðsteyma við leikskóla Hafnarfjarðar í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

IV.II. Saga sérfræðiþjónustunnar og þróun skipulags hennar.

Sérfræðiþjónusta sveitarfélags við leikskóla hefur verið starfrækt af bænum frá árinu 1994 Starfsemin var fólgin í ráðgjöf til starfsmanns til leikskólanna með áherslu á sérkennslu fyrir börn með frávik í þroska.

Sérfræðiþjónusta við grunnskóla í Hafnarfirði var yfirtekin af sveitarfélagi við yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga árið 1996. Við það tilefni var starfsemi sveitarfélagsins í skólamálum aukin á Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar í málefnum leik- og grunnskólum auk þess sem sérfræðiþjónusta við börn í leik- og grunnskólum var færð undir starfsemi hennar.

Frá 1996-2013 hefur margvíslegt skipulag verið í starfsemi og áherslum sveitarfélagsins varðandi sérfræðiþjónustu við börn í leik- og grunnskólum bæjarins og starfsfólk skólanna á sama tíma. Þannig hafa verið ólíkar áherslur eftir árum varðandi:

- hvers konar þjónusta var veitt (námsráðgjöf, sálfræðiþjónusta, sérkennsluþjónusta, talmeinaþjónusta o.s.frv.),
- hvaða fyrirkomulag var á starfsmannahaldi þeirra sem önnuðust þjónustuna og á það sérstaklega við um sálfræðinga og talmeinafræðinga (launþegar eða verktakar),
- hve mikil þjónusta var veitt í afmörkuðum viðfangsefnum (miðað við fjölda barna sem þjónustan miðaði að),
- hvort starfsfólk sérfræðiþjónustu sveitarfélags væri starfsfólk Skólaskrifstofunnar eða skólanna (námsráðgjafar byrjuðu á Skólaskrifstofu en færðust síðan til skólanna sem starfsmenn þeirra), og
- hvort starfsaðstaða starfsfólks sérfræðiþjónustunnar væri í skólunum sjálfum eða á Skólaskrifstofunni (sálfræðingar hafa t.d. ýmist verið með aðsetur í skólunum og/eða á Skólaskrifstofu eftir tímabilum, ráðningaraðferðum og stöðu í skipulagi).

Í sjálfu sér er mismunandi fyrirkomulag sérfræðiþjónustu rannsóknarefni og hvers vegna áherslur í skipulagi og framkvæmd hennar breytast frá einum tíma til annars. Breytingar á skipulagi sérfræðiþjónustu gerast væntanlega vegna breytinga í opinberu regluverki, pólitískum ákvörðunum í einstaka sveitarfélögum, almennum kenningum um opinbera stjórnýsly (t.d. um útvistun opinberra verkefna) og faglegum áherslum sem ráðast mikið af aðstæðum í hverju sveitarfélagi, t.d. fjárhagslegu bolmagni. Þannig verður að ætla að stærð einstakra sveitarfélaga ráði talsverðu um möguleika þeirra til að bjóða þjónustu við íbúa. Umfjöllunin hér tekur mið af sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla í Hafnarfirði hausti 2013 og á því ekki við fyrri ár. Hin síðustu ár hafa verið gerðar breytingar á sérfræðiþjónustunni á hverju ári á einhvern hátt (skipulag, starfsmannahald, starfsaðstaða o.fl.). Einstaka starfsfólki í leik- og grunnskólum bæjarins er þannig ekki alltaf ljóst á hverjum tíma fyrirkomulag sérfræðiþjónustunnar (því breytingar gerast ört og skilaboð til að meðtaka upplýsingar margvíslegar) þótt upplýsingamiðlun um hana fara eftir ýmsum leiðum til þeirra og innan skólanna (fundir leik- og grunnskólastjóra, Skólavefritið, tölvupóstur, heimsóknir á starfsmannafundi, margskonar teymisfundir, fréttir á innri og ytri vef bæjarins og svo lengi má telja).

Sveitarfélagið Vogar kaupir sérfræðiþjónustu frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar svo starfsfólk hennar þjónustar leik- og grunnskóla þess sveitarfélags á líkan hátt og skóla í Hafnarfirði.

IV.III. Hlutverk, markmið og samhengi sérfræðiþjónustunnar í Hafnarfirði

Það er alltaf ákvörðunaratriði hvernig skal kynna skipulag og uppbyggingu einstakra fagverkefna og hvers eðlis sem þau eru. Í meginatriðum er það skipulag sérfræðiþjónustunnar að uppfylla skyldur við börn/nemendur í leik- og grunnskólum líkt og hið opinbera regluverk kveður á um. Þannig miðar skipulag sérfræðiþjónustunnar að því að sinna nauðsynlegum stuðningsverkefnum sem skólakerfið á að standa skil á gagnvart nemendum hverju sinni sem kallar á móti á verkefni annarra aðila sem veita þeim stoðþjónustu (heilbrigðiskerfið, félagskerfið). Það býr til samhengi sérfræðiþjónustunnar en að öðru leyti er þetta samhengi skipulags sérfræðiþjónustunnar háð tilgangi, ferlum og inntaki.

Tilgangur og markmið: Hið opinbera regluverk skilgreinir tilgang sérfræðiþjónustunnar, í reglugerð 584/2010 sem á við bæði um leikskóla og grunnskóla. Þriðja grein reglugerðarinnar fjallar sérstaklega um tilgang sérfræðiþjónustunnar. Áherslur reglugerðarinnar eru á:

- forvarnir og forvarnastarf sem stuðla að velferð nemenda
- snemmtæka íhlutun og ráðgjöf á grunni mats á stöðu nemenda
- skipulag sérfræðiþjónustu sem miðist við þarfir og aðstæður óháð starfsstéttum
- styðja við að fjölbreytni ríki í starfsemi skóla
- styðja við foreldra með ráðgjöf og fræðslu
- viðhafa tülkaþjónustu
- góð tengsl og samstarf skólastiga (leik-, grunn- og framhaldsskóli) með samfellu að leiðarljósi.

Hlutverk sérfræðiþjónustunnar er að styðja við skólastarf einstakra skóla með það að markmið að leik- og grunnskólastarfs verði farsælt. Einnig að leggja til sérstök afmörkuð verkefni til að styðja við nemendur svo námið í skólanum verði sem árangursríkast auk þess að styðja við foreldra og starfsfólk skóla svo námið í skólunum veri sem árangursríkast. Meginverkefnið

liggur þannig hjá starfsfólki skólanna við að mennta nemendur og mæta þörfum þeirra en sérfræðiþjónusta er bakhjarl við starfsfólk innan skólanna (sjá nánar síðar).

Sérfræðiþjónusta við börn og nemendur í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar tekur mið af ofangreindri reglugerð við mótun eigin starfsemi. Meginmarkmiðið er að skipulagið mæti sem best þörfum nemenda á hverjum tíma í samræmi við það fjármagn sem veitt er til sérfræðiþjónustunnar hverju sinni í fjárhagsáætlunum bæjarins. Skipulag sérfræðiþjónustunnar er þó í sífelltri þróun og mótun til að mæta stöðugt betur þessum áherslum regluverksins hvað varðar tilgang, ferla og inntak.

Ferlar: Ferlar hafa þann tilgang að stuðla að faglegum vinnubrögðum í starfsemi sérfræðiþjónustu. Þeir eru í stöðugri mótun, bæði til að mæta breyttum aðstæðum í sveitarfélaginu og sömuleiðis til að mæta kröfum regluverksins á hverjum tíma. Dæmi um slíkar kröfur gætu t.d. verið ferlar um starfsemi nemendaverndarráða (sbr. reglugerð 584/2010, 20. grein), persónuvernd og fleira sem kveðið er á í regluverkinu á ólíkum stöðum (reglugerðir sem snerta grunnskólann sérstaklega eru t.d. nálægt 20 talsins og þá eru ótalin önnur lög og reglugerðir sem snerta opinbera starfsemi og stjórnsýslu og önnur skólastig).

Innihald: Innihald vísar til viðfangsefna sérfræðiþjónustunnar á hverjum tíma í því að veita þjónustu við nemendur, foreldra og starfsfólk skólanna. Nánar um innihaldið er fjallað í öðrum undirkafla um verkefni sérfræðiþjónustunnar hér aftar.

Í meginatriðum höfum við vítt sjónarhorn á eðli sérfræðiþjónustunnar þar sem áherslan er á margvíslegt fagstarf sem miðar að því að nemendur fái nám við hæfi í skóla þar sem mikilvægt er að hugað sé að velferð barna í öllu tilliti. Þannig eru nemendur mikilvægustu skjólstæðingar sérfræðiþjónustunnar en einnig starfsfólk skóla og foreldrar nemenda í því að styðja við þá. Þetta eru fjölbreytt verkefni sem eru leidd af opinberu regluverki um tilgang sérfræðiþjónustunnar sem skal vinna að því að ná margvíslegum markmiðum sem stuðla að námi og velferð barna í leik- og grunnskólum. Að því sögðu er nánar hugað að skipulagi og starfsfólki sérfræðiþjónustunnar áður en nánar verður vikið að verkefnum hennar.

IV.IV. Skipulag og starfsfólk sérfræðiþjónustunnar.

Núverandi skipulag sérfræðiþjónustunnar í Hafnarfirði var í grunnatriðum ákvarðað skólaárið 2002-2003. Það skipulag tók þó ekki að fullu gildi fyrr en 2005 með ráðningu þróunarfulltrúa leik- og grunnskóla á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Skipulagið tók smávægilegum breytingum árið 2007 og árið 2013 má segja að skipulagið hafi verið fullklárað þegar PMT-foreldrafærni, sem var sérstakt verkefni innan Hafnarfjarðar með sjálfstætt skipulag, varð að sérstöku landsverkefni innan Barnaverndarstofu og hafnfirski hluti verkefnisins var samhafður við skipulag sérfræðiþjónustunnar.

Í meginatriðum gerir þetta skipulag ráð fyrir eftirfarandi þrískiptingu á skipulagi sérfræðiþjónustunnar, sýnd í þessari mynd:




Þetta skipulag miðar að verkaskiptingu milli þessara þriggja þátta á eftirfarandi hátt:

	Leikskóli	Grunnskóli	Þvert á skólastig
Skipulag	Miða að verkefnum sem eiga við leikskólann sérstaklega er snýr að almennri kennslufræði, sérkennslu og mati á starfsemi.	Miða að verkefnum sem eiga við grunnskólann sérstaklega er snýr að almennri kennslufræði, sérkennslu og mati á starfsemi.	Miða að verkefnum sem ganga þvert á skólastig og snúa almennt um þroska barna og úrræðum til að greina, meta og veita úrlausn á vanda nemenda.
Starfsmannahald	Starfsfólk ráðið með reynslu og menntun á sviði leikskólastarfs.	Starfsfólk ráðið með reynslu og menntun á sviði grunnskólastarfs.	Starfsfólk ráðið með reynslu og menntun á sviði greiningar og ráðgjafar varðandi þroska barna og ungmenna óháð skólastigi.

Í þessu líkani felst grunnskipulag um verkaskipting innan starfsemi sérfræðiþjónustunnar. Í fyrsta lagi að ákveðin verkefni heyrðu sérstaklega undir grunnskólann og þar væri starfandi starfsfólk í sérfræðiþjónustunni sem hefði þekkingu og reynslu af starf í grunnskólum. Einnig eru ákveðin verkefni sem heyrðu sérstaklega undir leikskólann og þar væri starfandi starfsfólk í sérfræðiþjónustunni sem hefði þekkingu og reynslu af starf í leikskólum. Loks væri það þjónusta sem gengi þvert á leik- og grunnskóla og snéru að viðfangsefnum sem hefðu ekki slík skil milli skólastiga, aðallega tengd sálfræði- og talmeinaþjónusta.

Markmið ofangreind skipulags var að sjá fyrir heppilega verkaskiptingu sem tryggði hagkvæmni í þjónustu sem nýttist börnum, foreldrum og starfsfólki skóla. En um leið gefur ofangreint skipulag margvíslega möguleika til samstarfs. Samstarfsmöguleikarnir eru innifaldir í grunmyndinni af skipulaginu og eru sýndir hér með eftirfarandi útfærslu á grunmyndinni:




Ofangreint skipulag sýnir þannig samspil milli þessara þriggja verkefnaþátta innan sérfræðiþjónustunnar. Þannig er um ferns konar samstarf að ræða inni í þessu skipulagi til að vinna að samhæfni og samvinnu um atriði sem eiga við þó að í hverjum verkefnaþætti séu áfram afmörkuð verkefni. Þessir fjórir samstarfsmöguleikar eru:

1. **Samstarf grunnskóla og leikskóla:** Samstarfið gerist í samspili þróunarfulltrúa skólastiganna og samráði einstakra leik- og grunnskóla (hverfissskipt) í hverfunum og námskeiðahaldi Skólaskrifstofunnar.
2. **Samstarf grunnskóla og þvert á skólastig (fagteymi grunnskóla):** Heldur vikulega fundi yfir skólaárið, skráningar gerðar í trúnaðarbók og tekur við málum frá foreldrum, skólum og öðrum stoðþjónustuaðilum (félags- og heilbrigðiskerfi). Í meginatriðum að

vinna að lausnum á málum einstakra nemenda og fara út fyrir farveg skólans af einhverjum ástæðum. Allir starfsmenn þeirra.

3. **Samstarf leikskóla og þvert á skólastig (fagteymi leikskóla):** Heldur ½ mánaðarlega fundi yfir skólaárið, skráningar gerðar í trúnaðarbók og tekur við málum frá foreldrum, skólum og öðrum stoðþjónustuaðilum (félags- og heilbrigðiskerfi). Í meginatriðum að vinna að lausnum á málum einstakra barna. Allir starfsmenn þeirra.
4. **Samstarf leikskóla, grunnskóla og þvert á skólastig (samráð fagteyma leik- og grunnskóla):** Hittist 2-4 sinnum á ári til að ræða málefni sem snúa að sérfræðiþjónustunni í heild sinni (t.d. varðveisla trúnaðargagna). Flestir starfsmenn.

Á grunni ofangreindrar þrískiptingu í verkþáttaskipulagi er starfsmönnum sérfræðiþjónustu skipað í þrjú hólf í skipuriti þar sem yfirmenn hvers hólfis eru með menntun og reynslu á viðkomandi starfssviði. Þessi stöðuheiti sem stýra verkefnum hvers sviðs undir forystu sviðsstjóra fræðsluþjónustu eru þróunarfulltrúi leikskóla (L), þróunarfulltrúi grunnskóla (G) og deildarstjóri sálfræði- og talmeinaþjónustu (Þ). Aðrir 12 starfsmenn sérfræðiþjónustunnar eru undirmenn þessara starfsmanna sem gegn umræddum stöðum innan sérfræðiþjónustunnar. Með umræddu skipulagi er verið að dreifa verkefnaábyrgð, undir yfirstjórn sviðsstjóra fræðsluþjónustu, með að skapa hagkvæmni og eðlilegri verkútdelingu á nauðsynleg verkefni.



Skipulag sérfræðiþjónustu, undir ábyrgð sviðsstjóra, miðar þannig að því að hafa skilgreind verkefni til einstakra starfsmanna og dreifingu þeirra í samræmi við fagþekkingu einstakra starfsmanna í tengslum við nauðsynleg viðfangsefni sérfræðiþjónustunnar. En um leið er samstarf og samráð mikilvægt líkt og fyrr er getið.

Fjöldmargir starfsmenn sérfræðiþjónustunnar tilheyra umræddu skipulagi núna.¹ Hér neðar gefur að líta yfirlit yfir starfsmenn sérfræðiþjónustunnar á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar haustið 2013, starfsheiti, menntun, stöðuhlutfall og staða þeirra í skipuriti skrifstofunnar.

Starfsmaður	Starfsheiti	Menntun	Hlutfall	Skipurit*
1. Auður Erna Gunnarsdóttir	Skólasálfræðingur.	Klínískur sálfræðingur og í meðferðarnámi PMT-foreldrafærni.	100%	Þu
2. Anna Björnsdóttir	Yfirsálfræðingur leikskóla.	Klínískur sálfræðingur og meðferðaraðili í PMT-foreldrafærni.	100%	Þu
3. Atli Viðar Bragason	Skólasálfræðingur.	Klínískur sálfræðingur og í meðferðarnámi PMT-foreldrafærni	100%	Þu
4. Ásthildur Bj. Snorradóttir	Talmeinafræðingur leikskóla.	Talmeinafræðingur.	100%	Þu
5. Bjarney Sigurðardóttir	Talmeinafræðingur grunnskóla.	Grunnskólakennari, diploma í sérkennslufræðum og talmeinafræðingur.	100%	Þu
6. Björk Alfreðsdóttir	Sérkennslufulltrúi.	Leikskólakennari, diplóma í sérkennslufræðum.	100%	Lu
7. Einar I. Magnússon	Skólasálfræðingur.	Klínískur sálfræðingur.	90%	Þu
8. Eiríkur Þorvarðarson	Deildarstjóri sálfræði- og talmeinaþjónustu.	Klínískur sálfræðingur og meðferðaraðili í PMT-foreldrafærni.	100%	Þy
9. Elísa Ingólfssdóttir	Verkefnisstjóri PMT-foreldrafæri.	Félagsráðgjafi og meðferðaraðili í PMT-foreldrafærni.	100%	Þu
10. Hanna Leifsdóttir	Sérkennslufulltrúi leikskóla.	Leikskólakennari og að ljúka MA námi í sérkennslufræðum.	100%	Lu
11. Helgi Gíslason	Sérkennslufulltrúi grunnskóla.	Grunnskólakennari, diploma í sérkennslufræðum og í MA námi í sérkennslufræðum.	100%	Gu
12. Kolbrún Baldursdóttir	Skólasálfræðingur.	Klínískur sálfræðingur.	40%	Þu
13. Sigurborg Kristjánsdóttir	Þróunarfulltrúi leikskóla.	Leikskólakennari og MA í kennslufræðum.	100%	Ly
14. Sólrún Dröfn Þorgrímsdóttir	Skólasálfræðingur.	Klínískur sálfræðingur.	60%	Þu
15. Vigfús Hallgrímsson	Þróunarfulltrúi grunnskóla.	BA í uppeldisfræði og kennslu- (fræði)réttindi (grunnskólakennari, framhaldsskólakennari), diplóma í hagnýtri fjölmiðlun, MA í kennslufræðum og langt kominn í MS námi í stjórnun og stefnumótun.	100%	Gy

* Skýringar tengdar skipuriti: Þ = Þvert á skólastig L = leikskóli G = Grunnskóli
y = yfirmaður u = undirmaður

¹ Það er alltaf matsatriði hvaða starfsmenn skuli telja til sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og hvort það skuli eingöngu telja starfsfólk Skólaskrifstofunnar sem sinnir málaflöknum sérstaklega eða aðra starfsmenn sveitarfélags eftir atvikum (því aðstæður ráða hér talsverðu í einstaka sveitarfélögum hvort umræddir starfsmenn eru starfsmenn skólaskrifstofu, skólanna eða verktakar í útviðstaðri þjónustu). Í þessari greinargerð er eingöngu nefnt starfsfólk Skólaskrifstofu þótt einnig megi telja að í Hafnarfirði falli störf náms- og starfsráðgjafa í skólum (átta stöðugildi í grunnskólum Hafnarfjarðar haustið 2013) undir viðfangsefni sérfræðiþjónustu því verkefni þeirra séu vissulega á því sviði (og hófst upphaflega á skólaskrifstofum). Það á sömuleiðis við um kennsluráðgjafa í málefnum nýbúa (hálf stöðugildi haustið 2013 í grunnskólum Hafnarfjarðar) sem er starfsmaður Lækjarskóla (er einnig deildarstjóri móttökudeildar nýbúa þar) en ekki Skólaskrifstofunnar.

IV.V. Verkefni sérfræðiþjónustunnar.

Verkefni sérfræðiþjónustunnar gagnvart skólaumhverfinu eru mörg og margvísleg. Í grunninn má skipta þeim verkefnum í þrennt, fagþjónustu, forvarnir og mat á skólastarfi. Umfjöllunin hér áfram miðar að frekari útlistun verkefnanna innan þessarar þrískiptingar.

a. Fagþjónusta: Fagþjónusta við nemendur hefur frá upphafi verið meginverkefni sérfræðiþjónustu sveitarfélags við leik- og grunnskóla. Þar er innifalin þjónusta við nemendur vegna margvíslegs náms- og þroskavanda sem þeir þurfa að takast á við, tímabundið eða alla sína skólagöngu í leik- og grunnskólum. Til að mæta þeim vanda er nemendum boðin margvíslega þjónusta, ýmist í skólum (sérkennsla, sérdeildir, sérskólar, sérstök kennsla í íslensku og eigin móðurmáli því hjá þeim sem eiga annað móðurmál en íslensku, lestrargreiningar o.fl.) eða af sérfræðiþjónustu (vitsmunapröskagreiningar, talmeinagreiningar, ráðgjöf, fræðsla, teymisvinna) – sem snúa ýmist að nemendum, foreldrum þeirra eða starfsfólki skólanna. Samhæfni þessarar þjónustu gerist innan grunnskólanna í nemendaverndarráði en í leikskólum í lausnar og eða samráðsteymi. Eftirfarandi tafla fangar umgjörð fagþjónustunnar:

Viðfangsefni innan sérfræðiþjónustu	Nemendur	Foreldrar	Starfsfólk skóla
Samhengi og viðfangsefni	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Sérkennsla. ➤ Sérúrræði (sérdeildir og sérskólar). ➤ Persónulegur stuðningur inni í bekk (stuðningsfulltrúar). 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Foreldranámskeið PMT. ➤ PTC foreldranámskeið. ➤ Einstaklingsmeðferð og handleiðsla PMT. 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Grunnenntun PMT. ➤ Trúnaðargögn, skráning og varðveisla (sjá viðauka).
Ferlar	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Einstaklingsnámskrár (sjá viðauka). ➤ Greiningarform (sjá viðauka). 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Túlkaþjónusta. ➤ Teymisvinna um einstök börn. ➤ Ráðgjöf vegna einstakra barna. ➤ Vísanir í frekari úrræði (stoðþjón.) ➤ Tilvísanir í sérúrræði (sjá viðauka) 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Samráðsfundir. ➤ Ráðgjöf við einstaka kennara. ➤ Teymisvinna um einstaka nemendur. ➤ Nemendaverndarráð (sjá viðauka).
Inntak	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Vitsmunapröskagreiningar (WISC-IV, WPPSI-ís, Talnalykill) 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Skilafundir í kjölfar greininga. ➤ Samþykki og þátttaka foreldra í 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Námskeið um einstök verkefni og verkfæri.

	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Læsisgreiningar (LOGOS, GPR10 og 14, Leið til læsis... ➤ Málþroskagreiningar, framburðagreiningar, (TRAS, Gerd Strand, Tove Krogh, Aston Index, o.fl. 	greiningarferli og eftirfylgd greininga.	➤ Aðkoma að nemendaverndarráði.
--	--	--	---------------------------------

Fagþjónustan er meginverkefni sérfræðiþjónustunnar, að umfangi og starfsmannahaldi auk þess sem náið samráð um fagþjónusta sé við hin stoðþjónustukerfin (heilbrigðiskerfi og félagskerfi).

Frá sjónarhóli leikskólans lítur verkefnið svona út: Fjöldi barna pr. kennara fer eftir aldri þeirra og miðast við að hver kennari kenni að jafnaði 8 barngildum. Ef grunur vaknar um frávik í þroska barns eða erfiðleikar koma fram í hegðun þess eða líðan er málefnum barnsins vísað til úrlausnar innan samráðsteymis/lausnarteymis leikskólans (sjá [hér](#)), ferli um snemmtæka íhlutun. Einnig eru sérfræðingar innan sérfræðiþjónustunnar kallaðir til að meta barnið í aðstæðum og í framhaldi fá kennarar ráðgjöf. Í þeim tilvikum þegar snemmtæk íhlutun skilar ekki árangri og unnið hefur verið með barn samkvæmt einstaklingsnámskrá á ákveðinn tíma geta leikskólar sótt um sérkennslutíma barninu til handa. Á síðasta skólaári voru tæplega 70 viðbótar stöðugildum úthlutað til leikskólanna eða um 560 sérkennslutíma vegna 165 barna með greiningu um þroskafrávik. 97 börn af þessum fjölda barna var með greiningu samkvæmt 1. og 2. greiningaflokks sérkennsluviðmiða. Meginverkefni sérkennslufulltrúa er að veita kennurum leikskólanna kennsluráðgjöf vegna kennslu barnanna. Hinsvegar hefur meginverkefni talmeina- og sálfræðings verið greiningarvinna vegna þeirra auk ráðgjafar til kennara skólanna sem og foreldra barnanna. Í flestum tilvikum fer ráðgjöfin og handleiðslan sérfræðinga Skólaskrifstofu fram á teymisfundum og/eða skilafundum með hlutaðeigendum. Einnig koma fulltrúar félagsþjónustunnar að málum þegar við á. PMT- foreldrafærni býður foreldrum barna sem eiga við hegðunarvanda að etja námskeið auk þess sem skólar sem hafa innleitt SMT skólafæri sem stuðlar að jákvæðum skólabrag ráðgjöf. Fremur öllu þá er aðalatriðið að vinna að framförum og auknum þroska barna sem veiti þeim aukið sjálfstraust og vellíðan í skólastarfinu. Kynjahlutfall í leikskólum jöfn, 50% drengir og 50% stúlkur. Samhljómur er með þroskavanda barna í leikskóla og í grunnskóla því tveir til þrír drengir fá stuðning á móti einni stúlku.

Frá sjónarhóli grunnskólans lítur verkefnið svona út: Kennslutímum er úthlutað til almennrar kennslu í samræmi við aldur nemenda og fjölda í hverjum skóla (30, 35 eða 37 vikustundir). Þessar stundir eru um 6.500 í grunnskólakerfinu í Hafnarfirði fyrir tæplega 3.900 nemendur. Vitað er að almenn kennsla dugar ekki öllum nemendum og þeir þurfa því sérstakan stuðning, lítinn eða mikinn eftir atvikum, inni í bekk, utan hans eða í sérúrræðum í bænum (sem eru sérdeild í Lækjarskóla (1.-10. bekkur), einhverfudeild í Setbergsskóla (1.-10. bekkur), sérdeild í Öldutúnsskóla (8.-10. bekkur) og fjölgreinadeild Lækjarskóla (9.-10. bekkur)). Til sérkennslu og sérúrræða í bænum er veitt um 2.000 kennslustundum á skólaári eða milli 20-25% kennslufjárins. Einnig er vitað að það eru 20-25% nemenda sem þurfa sérstuðning þótt þeim hafi farið fækkandi sem eru í sérdeildum í bænum hin síðustu ár. Hluti þessara nemenda, og reyndar aðrir í sumum tilvikum (barnaverndarmál sérstaklega), eru helstu skjólstæðingar sérfræðiþjónustunnar. Þannig eru 6-7% nemenda í grunnskólunum hluti af árlegu greiningarferli starfsmanna sérfræðiþjónustunnar (helst sálfræðinga og talmeinafræðinga) og slíkt gerist líklega 2-3 sinnum yfir tímabil grunnskólavistarinnar hjá mörgum nemendanna – auk þess að vísa málum áfram til GRR, BUGL og annarra sérfræðinga. Svo meginverkefni fagþjónustunnar innan sérfræðiþjónustunnar er hér að veita nemendum með margvíslegan og mismikinn náms- og þroskavanda stuðning í náminu allan grunnskólann. Lykilatriði í kjölfar greininga á vanda nemenda er samráð og ráðgjöf við foreldra og kennara nemenda til að vinna að markvissum aðgerðum í þágu nemenda. Til þess eru settir upp skilafundir, skrifleg og munnleg ráðgjöf/handleiðsla til kennara og í erfiðum tilvikum eru settir á teymisfundir um einstaka nemendur (sem í sitja, eftir atvikum, fulltrúi/-ar skóla, foreldrar, fulltrúi/-ar Skólaskrifstofu og jafnvel félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu) og hittast misjafnlega oft. Í öðrum tilvikum fá foreldrar ítarlegri þjónustu og ráðgjöf þegar um hegðunarvanda er að ræða með börn sín – sem boðið er upp á undir merkjum PMT-foreldrafærni í Hafnarfirði eftir nákvæmu en misítarlegu (eftir alvarleika hegðunarvandans) handleiðsluferli. Aðalatriðið í öllu ferlinu er að vinna að framförum og auknum þroska nemenda sem veiti honum aukið sjálfstraust og vellíðan í skólastarfinu alla skólagönguna. Það versta í öllu þessu ferli er að einstaka nemendur geti komist í gegnum grunnskólans án þess að vandi uppgötvist sem er til staðar svo hann útskrifist án þess að hafa fengið nægilegan stuðning í gegnum grunnskólanámið.

Kynjaþáttur þessa fagþjónustustuðnings hefur verið til skoðunar og umræðu í grunnskólakerfinu í Hafnarfirði. Hvort kynið um sig er um 50% nemenda í grunnskólum en

Þegar kemur að stuðningi við nemendur vegna náms og þroskavanda fá tveir til þrír drengir stuðning, eftir eðli stuðningsins, á móti einni stúlku. Það ber þess merki að drengir eigi við meiri vanda að stríða, miðað við mat foreldra og kennara um þörf á greiningum og stuðningi, þótt margvísleg sjónarmið séu um það í skólakerfinu hvort þessi kynjamunur sé raunverulegur eða kerfið búi hann til að einhverju leyti.

b. Forvarnir: Forvarnir eru ný stefna sérfræðiþjónustunnar samkvæmt reglugerðinni fyrir hana frá 2010 þar sem áherslan er á almenna velferð nemenda. Forvarnir hafa lengi verið hluti skólastarfs leik- og grunnskóla þótt áherslur hafi verið ólíkar milli skólastiga eftir tímum og jafnvel innan árganga grunnskólans á hverjum tíma. Forvarnir í skólastarfi virðist gera lítið annað en að fara vaxandi og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins Hafnarfjörður í leik- og grunnskólum hefur lagt auknar áherslur á forvarnir í skólastarfi í þeim tilgangi að stuðla að velferð nemenda. Þessar áherslur forvarnanna eru settar hér upp í töflu:

Viðfangsefni innan sérfræðiþjónustu	Nemendur	Foreldrar	Starfsfólk skóla
Samhengi og viðfangsefni	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Hugað að straumum í tísku og ungl-ingamenningu á hverjum tíma sem benda til vanda í uppsiglingu. 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Veita fræðslu um aðkallandi vanda á hverjum tíma. ➤ Samstarf við forvarnafulltrúa Hafnarfjarðar. 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Hver nauðsyn sé á sérstakri fræðslu um forvarnir á hverjum tíma. ➤ Námskeið um afmörkuð viðfangsefni innan sérfræðiþjónustu.
Ferlar	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Unnið eftir fjórþættu ferli: fyrirbygging, viðbrögð, úrlausn og mat. 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Aðkoma foreldra að velferð barna sinna með virkri þátttöku þeirra. 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Viðmið um ferla í forvörnum (sjá viðauka).
Inntak	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Fræðsla um fimm þætti forvarna samkvæmt skilgreiningu sérfræðiþjónustu: lýðheilsa, sjálfsrækt, vímuvarnir, ofbeldisforvarnir og öryggi. ➤ Fræðsla skilgreind í skólanámskrá. 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Fræðsla um einstakar forvarnaáherslur. ➤ Forvarnaáherslur skóla kynntar í starfsáætlun skóla. 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Fræðsla um forvarnir, regluleg og átakasbundin eftir atvikum. ➤ Kennslufræði forvarna og gestafræðsla.

Frá sjónarhóli leikskóla lítur verkefnið þannig út varðandi forvarnir: Rauði þráðurinn í leikskólakennslu er varðar forvarnir er lífsleiknikennsla í gegnum skipulagðan og frjálsan leik. Auk þess fer fram skiplögð fræðsla um forvarnir (einelti/ skilja útundan og varnir gegn

kynferðisofbeldi) í hópastarfi og í samverustundum. Í skipulagðri fræðslu er stuðst við kennsluefnið *Stig af stigi, Dyggðir í leikskólastarfi* og *Að næra hjartað* auk SMT skólafæri sem byggir á jákvæðum skólabrag. Þessu til viðbótar styður sérfræðiþjónustan við leikskólann með sérhæfðum námskeiðum. T.d hafa verð námskeið fyrir allt starfsfólk um varnir gegn kynferðislegu ofbeldi í samstarfi við félagasamtökin *Blátt áfram*. Þá hafa verið námskeið í félags-færnisögugerð, hegðunarstjórnun, leiðum fyrir börn til að sigrast á kvíða og leiðum fyrir þau til að sigrast á neikvæðri hugsun. Á þessu skólaári er í bígerð ítarleg fræðsla fyrir starfsfólk leikskólanna og foreldra þeirra um varnir gegn einelti. Árlega er haldið forvarnarnámskeið um öryggi leikskólabarna. Mánaðarlega er samráðsfundur sérfræðiþjónustunnar með sérkennslustjórum en markmið þeirra funda er að samhæfa starfsviðmið um þjónustu vegna barna með sérþarfir í leikskólastarfi auk þess að miðla þekkingu og reynslu um árangursríka kennsluhætti. Leikskólar í bæjarfélaginu eru að endurskoða skólanámskrár í ljósi nýrrar aðalnámskrár, laga og reglugerða en þeirri vinnu á að vera lokið í lok þessa skólaárs en þar eiga skólar að gera grein fyrir því hvernig þeir vinna að snemmtækri íhlutun og forvörnum í leikskólastarfi. Í viðauka fylgja námskeiðsbæklingar sem kynna námskeiðin sem Skólaskrifstofan heldur til að styðja við starf leikskólanna.

Frá sjónarhóli grunnskóla lítur verkefnið þannig úr: Í meginatriðum er það skóla að annast forvarnir gagnvart nemendum í skóla, bæði með reglulegri fræðslu sem hluti af námi einstakra námsgreina og grunnþáttum menntunar en einnig sem viðbrögð við aðkallandi vanda í umhverfi skólans. Sérfræðiþjónustan kemur inn sem viðbót í starfsemi skóla og sem stuðningur á fleiri en einn hátt. Það gerist ýmist með því að leggja til samhæfða fræðslu inn í alla skóla, útbúa almenn viðmið (leiðbeiningar, reglur og ferlar) um framkvæmd forvarnastarfs í skóla eða styðja foreldra gagnvart forvörnum með fræðslu eða persónulegum stuðningi í einstaka málum. Þannig er sérfræðiþjónustan með samhæfingu á fræðslu á ýmsum tímum. Í skólakerfinu í Hafnarfirði hefur hin síðustu ár staðið yfir mikil fræðsla fyrir starfsfólk grunnskólanna til að bregðast við kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum í samstarfi við félagasamtökin *Blátt áfram!* (sem er að mestu yfirstaðin núna). Skólaárið 2013-2014 er ráðgerð ítarleg fræðsla fyrir starfsfólk grunnskóla og foreldra nemenda um forvarnir gegn einelti í skólaumhverfinu. Forvarnafræðsla í grunnskólum Hafnarfjarðar er þannig ýmist sinnt af skólunum eða sérfræðiþjónustunni eftir atvikum.

Ný lög um grunnskóla komu árið 2008, árin 2009-2012 voru um 20 reglugerðir útgefnar og aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti kom út árið 2011 og greinasvið árið 2013. Í þessu regluverki öllu birtast margvíslegar og nýjar kvaðir til skóla um verklag, ferla og starfsreglur, sem skólar þurfa að tileinka sér. Ný aðalnámskrá tekur gildi haustið 2014. Frá árinu 2010 hefur í Hafnarfirði verið unnið að heildstæðri samantekt, nefnd starfsviðmið, um forvarnir og nauðsynlega ferla, reglur og vinnubrögð, sem miðar að því að vera tilbúin árið 2014 í heildardrögum. Bráðabirgðaútgáfa kom út í desember 2012 til skoðunar í skólakerfinu í Hafnarfirði og vinna við þau heldur áfram fram á næsta ár. Með þeim vonast sérfræðiþjónustan að veita skólunum, sérstaklega stjórnendum skólanna ítarlega handbók um starfshætti í skólum er snúa að öllum forvörnum og þáttum þeirra sem nýtist þeim í daglegu starfi og einfaldi þeim stjórnsýsluna í skólastarfinu. Samhliða þessari vinnu eru grunnskólarnir að endurskoða skólanámskrár skólanna í samræmi við nýja aðalnámskrá. Í því samhengi er gert ráð fyrir að endurskoðun verði gerð á allri forvarnafræðslu í grunnskólunum í samræmi við nýjar áherslur og stöðu forvarnafræðslu í hverjum skóla. (Sjá nánar viðauka.) Í viðauka fylgja nánar námskeiðsbæklingar sem kynna námskeið sem Skólaskrifstofan heldur og þar undir koma áherslur sem snúa að mörgum áhersluatriðum varðandi skjólstæðinga sérfræðiþjónustunnar, s.s. tengd lestri og læsi (námskeið um TRAS, Leið til læsis) og náms- og þroskavanda (námskeið um kennslu ADHD nemenda o.fl.). Sjá nánar viðauka.

c. Mat á skólastarfi - sérfræðiþjónusta:

Sveitarfélögin fengu sjálfstætt verkefni í mati á skólastarfi, á móti ráðuneyti menntamála og skólunum sjálfum, frá fyrri lögum um leik- og grunnskóla. Þannig var ytra mat sveitarfélaga skilgreint í lögum um grunnskóla (37. grein) og leikskóla (19. grein). Í meginatriðum er það verkefni mats að vinna að því að gæði skólastarfs séu sem mest og fylgja því eftir með eftirliti og eftirfylgni (umbótaáætlan) að svo sé. Á vissan hátt snýr verkefnið á tvíþættan hátt að sérfræðiþjónustunni, að meta gæði sérfræðiþjónustunnar sjálfrar annars vegar og hins vegar að gæði séu í starfi skólanna í hinu daglega skólastarfi. Eftirfarandi tafla er tilraun til að setja þetta verkefni matsins fram (sjá næstu síðu):

Viðfangsefni innan sérfræðiþjónustu	Nemendur	Foreldrar	Starfsfólk skóla
Samhengi	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Kröfur til nemenda um getu sem þegn- ar framtíðar (skv. aðalnbámskrá hvers tíma) 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Foreldrar vilja vita að í starfsemi skólanna sé áhersla lögð á fagmennsku og mæta þörfum og getu nemenda. 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Skólastarf sé metin út frá viðmiðum og alþjóðlegum stöðlum eða áherslum um gott skólastarf á hverjum tíma.
Ferlar	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Árangur (hvernig sem hann er skilgreindur á hverjum tíma) nemenda og virkni þeirra í matsferlinu er á margan hátt lykila- triði í því að meta gæði skólastarfs. 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Fáir skýrar upp- lýsingar um eigin ábyrgð og þá starfsemi sem er í gangi auk þess að vera þátttakendur í matsferlinu, t.d. gagnvart þjónustu og upplýsingum til þeirra. 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Unnið sé eftir faglegum ferlum í daglegu starfi svo aukin gæði skóla- starfsins
Inntak	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Að sú menntun sem þeim sé færð sé af góðum gæð- um og mæti þeim þörfum og getu sem er til staðar hjá hverjum og einum. 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Að niðurstöður úr mati séu þeim kynntar og viti af þeim umbótaverk- efnunum sem sett eru í gang hverju sinni í kjölfar mats. 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Hafi mikla faglega ábyrgð í að skil- greina gæðin og séu virkir í því að meta hversu vel gengur að ná þeim.

Þessi árin eru í mótun viðmið og áherslur um ytra mat sveitarfélagsins gagnvart leik- og grunnskólum en líkt og fyrr hefur verið nefnt tekur aðalnbámskrá skólanna ekki gildi fyrr en haustið 2014. Núna stendur því yfir mótunartími um ytra mats sveitarfélagsins og hvernig það mun tengjast starfsemi sérfræðiþjónustunnar í því að meta almennt skólastarf leik- og grunnskólanna út frá gæðum sem stefnt er að. Þannig hefur sveitarfélagið verið að skoða hentug tæki í upplýsingaöflun (t.d. Skólapúlsinn, Skólavogin og heildarmat Reykjavíkurborgar) auk þess að vinna að ferlum við slíkt mat. Því verkefni er þó engan veginn lokið og heldur stöðugt áfram.

Meginatriði í þessu verkefni um ytra mat sveitarfélags um gæði í skólastarfinu er að tryggja umbótaferla á grundvelli þess að raunhæfar upplýsingar aflies um stöðu skólastarfsins og sérfræðiþjónustunnar á hverjum tíma. Það er mikið verkefni en óljóst með tæki, ferla og fjármagn eins og staðan er í því hversu hratt tekst að innleiða ítarlegt ytra mat sveitarfélags á sérfræðiþjónustu og skólastarfinu yfirleitt. Það er verkefni næstu ára samhliða uppbyggingu sérfræðiþjónustunnar sjálfar. Hún hefur breyst á hverju ári hin síðustu ár og áfram er gert ráð

fyrir að breytingar gerist, t.d. bara í því að þróa ferla og samhæfni í starfsemi sérfræðiþjónustunnar til að hún mæti stöðugt betur þörfum barna og nemenda í leik- og grunnskólum bæjarins. Það er markmið sérfræðiþjónustunnar í dag og keppikefli hennar nú um mundir. En um leið er sérfræðiþjónustan stolt af verkefnum sínum og starfsfólki skólanna sem sinnir þörfum barna í leik- og grunnskólum í daglegu starfi og leggur sig allt fram um að þjónusta þau. Það gildir einnig þótt umræðan í samfélaginu sé að of mikil vinna kennara fari fram „utan kennslustofunnar“. Það á einmitt við margt í starfsemi sérfræðiþjónustunnar að mikil vinna þarf að fara fram „utan kennslustunda“ í að afmarka vanda, greina og finna úrræði þar sem fram þarf að fara ráðgjöf, handleiðsla, samræða og lausnaleyti milli kennara, foreldra og starfsfólks sérfræðiþjónustunnar, jafnvel í samspili við aðra stoðþjónustu (heilbrigðis- og félagskerfi). Sú vinna tekur tíma og við trúum að honum sé vel varið þegar allir aðilar leggi sig fram um að styðja við börnin og mæta þörfum þeirra þar sem þau eru stödd á hverjum tíma. Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins miðar að því að þessu markmiði sé náð með hvert barn svo velferð allra nemenda í skólakerfinu verði höfð að leiðarljósi í daglegu skólastarfi.

Lokaorð

Með framansögðu er lokið samantekt um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins Hafnarfjarðar við leik- og grunnskóla bæjarins. Henni var ætlað að gefa „fullnægjandi heildarmynd“ af uppbyggingu, skipulagi, starfsfólki og verkefnum sérfræðiþjónustunnar til að auðvelda væntanlegum úttektaraðilum yfirsýn yfir starfsemina sem er í gangi – án þess þó að vera of ítarleg eða smámunasöm. Sérfræðiþjónusta sveitarfélags við leik- og grunnskóla er mikið verkefni og í gegnum það fara miklir fjármunir (sbr. kennslutíma sem úthlutað er til sérkennslu leik- og grunnskóla utan fjármagns til sérfræðinga sérfræðiþjónustunnar sjálfrar). Ekki er þess þó að vænta að „öllu“ nauðsynlegu hafi verið komið til skila og þá því hvort einhverju sé áfátt í greinargerðinni. Það verður að koma í ljós síðar og viðauki við greinargerðina hjálpar vonandi til að fylla upp í þá mynd. Hann verður afhentur úttektaraðilum þegar úttekt hefst og fylgir hann því ekki með rafrænni útgáfu greinargerðarinnar.

Hafnarfirði 13. október 2013.

F.h. sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar

Eiríkur Þorvarðarson, deildarstjóri sálfræði- og talmeinaþjónustu

Sigurborg Kristjánsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla

Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla.

VIÐAUKI

Afhentur á staðnum þegar úttekt gerist í Hafnarfirði.